

# **Rannsóknir á seiðastofnum Vatnsdalsár árið 2002**

**Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir**

**VMST-N/0215, Hólum desember 2002**

## Inngangur og aðferðir

Athugun á seiðastofnum Vatnsdalsár og hliðarám hennar var gerð í ágúst 2002. Markmið þessara athugana var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu seiða sem og afkomu þeirra og vöxt á vatnasvæðinu. Á grundvelli þessara upplýsinga er lagt mat á heildarástand fiskistofna á vatnasvæði Vatnsdalsár.

Vöxtur, þéttleiki og árgangastyrkleiki seiðastofna í Vatnsdalsá og hliðarám hennar var kannaður með rafveiðum 24. til 26. ágúst 2002. Rafveitt var á sjö stöðum í Vatnsdalsá, þeim sömu og undanfarin ár, tveimur í Hólkotskvísl, einum stað í Vaglakvísl, einum í Kornsá, þremur stöðum í Álku og einum í Tunguá. Stærð rafveiðistaða var á bilinu  $140 - 525 \text{ m}^2$ . Stærð rafveiðistaða var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir eru valdir með það fyrir augum að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Því er veitt sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valdir staðir eins og kostur er á stöðum sem einkennandi eru fyrir einstaka árkafla.

Öll veidd seiði voru lengdarmæld og vigtuð áður en þeim var sleppt aftur í ána. Þéttleiki seiða var reiknaður út frá fjölda þeirra í hverjum árgangi á hverri stöð þar sem stærð veiðisvæðis er þekkt, gefur þetta aðeins seiðavísitolu en ekki heildarfjölda seiða:  $\text{þéttleiki} = (\text{fjöldi seiða/stærð veiðisvæðis } \text{m}^2) * 100\text{m}^2$  (töflur 1-3).

Reiknaður var út ástandsstuðull seiðanna en stuðullinn er reiknaður út frá lengd og þyngd hvers seiðis og segir til um holdafar þess:  $\text{ástandsstuðull} = (\text{þyngd (gr) / lengd}^3 \text{ (cm)}) * 100$ . Ástandsstuðull var reiknaður fyrir öll seiði og tekið meðaltal fyrir hverja stöð og hvern árgang á henni (tafla 4).

Einnig var reiknuð út vísitala lífþyngdar árganga á hverri stöð út frá meðalþyngd hvers árgangs á hverri stöð og þéttleika sama árgangs á sömu stöð:  $\text{lífþyngd á } 100\text{m}^2 = \text{meðalþyngd (gr)} * \text{þéttleiki á } 100\text{m}^2$  (tafla 5).

## Niðurstöður rafveiða

### Vatnsdalsá

Við Dalsfoss er efsti rafveiðistaðurinn í Vatnsdalsá (mynd 1), þar veiddust fjórir árgangar laxaseiða, eins árs (1+), þriggja (3+), fjögurra (4+) og fimm ára (5+), mest var af þriggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2a). Einnig veiddust á þessum stað vorgömul og tveggja ára bleikjuseiði (tafla 2, mynd 8).

Rafveiðistaður 2 er fyrir ofan Stekkjarfoss (mynd 1) og fundust þar eins, tveggja og þriggja ára laxaseiði (tafla 1, mynd 2a). Sumarið 2001 var þetta eini staðurinn í vatnakerfinu þar sem vorgömul seiði veiddust (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST-N/0206). Síðustu þrjú sumur hefur verið talsvert af náttúrulegum seiðum á þessum stað en fyrir það var þéttleiki náttúrulegra seiða oft lítill og vantaði inn í árganga.

Neðan Forsæladals er staður 3 (mynd 1). Fjórir árgangar laxaseiða veiddust á þessari stöð sumarið 2002, frá vorgömlum til þriggja ára seiða, þéttleiki eins og tveggja ára seiða var frekar mikill (tafla 1, mynd 2a). Heildarþéttleiki á þessari stöð var sá mesti í Vatnsdalsá, mun meiri en í fyrra en ekki eins mikill og 2000. Vottur af vorgömlum og eins árs bleikjuseiðum veiddust einnig (tafla 2, mynd ), nokkuð af vorgömlum urriðaseiðum ásamt eins og tveggja ára urriðaseiðum (tafla 3, mynd 12) en hvorki veiddust bleikju né urriðaseiði þarna sumarið 2001 (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST-N/0206).

Veitt var ofan ármóta við Álku (staður 5, mynd 1) og fundust þar aðeins eins og tveggja ára laxaseiði (tafla 1, mynd 2a). Mikill þéttleiki var af vorgömlum bleikjuseiðum og vottur af eins árs bleikjuseiðum sem og vorgömlum urriðaseiðum (töflur 2 og 3, myndir 8 og 12). Ekki var veitt á þessari stöð sumarið 2001.

Staður 7 er rétt neðan ármóta við Gilá (mynd 1), þar veiddist vottur af eins og tveggja ára laxaseiðum (tafla 1, mynd 2a) en sumarið 2001 fundust aðeins nokkur eins árs seiði á þessari stöð. Þó nokkuð veiddist af vorgömlum bleikjuseiðum á stöðinni síðasta sumar, 2002, og vart varð við eins árs seiði (tafla 2, mynd 8). Einnig veiddust vorgömul urriðaseiði (tafla 3, mynd 12) en ekki varð urriðaseiða vart þarna árið áður.

Við Hof (staður 8, mynd 1) veiddust engin laxaseiði þetta árið (tafla 1, mynd 2a) en sumarið 2001 fundust þar eins árs seiði og árin þar á undan hafa oft veiðst tveir til þrír árgangar laxaseiða þarna. Þó nokkuð var af vorgömlum bleikju og urriðaseiðum á stöðinni (töflur 2 og 3, myndir 8 og 12).

Á rafveiðistað 9, fyrir neðan Skriðuvað (mynd 1) veiddust fjórir árgangar laxaseiða að þessu sinni, vorgömul, eins, tveggja og þriggja ára. Þéttleiki laxaseiðanna var ekki mikill en mest var af eins og tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 2b). Einnig fannst vottur af eins og þriggja ára urriðaseiðum (tafla 3, mynd 12).

### Álka

Efsti rafveiðistaðurinn í Álku er fyrir ofan Einvígisfoss (mynd 1) og veiddist þar aðeins eitt seiði sumarið 2002, það var 14 cm langt laxaseiði úr smáseiðasleppingu sumarið 2000 (tafla 1, mynd 3). Ekki veiddust bleikju eða urriðaseiði fyrir ofan fossinn (töflur 2 og 3).

Neðst í Álkugilinu (staður 2, mynd 1) veiddust tveir árgangar laxaseiða, tveggja og þriggja ára gömul en þéttleiki þeirra var ekki mikill (tafla 1, mynd 3). Sumarið 2001 veiddust á sama stað eins og tveggja ára seiði, sömu árgangar og nú aðeins árinu yngri (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir , VMST-N/0206).

Fyrir neðan brú yfir Álku (mynd 1) var rafveitt sem fyrr og veiddust nú fjórir árgangar laxaseiða þar, vorgömul, eins árs, tveggja og þriggja ára. Minnst er af vorgömlum seiðum en mest af tveggja ára seiðum, einnig er þéttleiki eins og þriggja ára seiða nokkuð mikill (tafla 1, mynd 3). Síðstu tvö sumur hefur einnig verið nokkuð mikill þéttleiki á þessari stöð, mestur 2000 en þéttleikinn nú er nokkuð meiri en 2001. Prátt fyrir þennan þéttleika er ástand seiðanna á þessari stöð með því betra sem gerist í vatnakerfi Vatnsdalsár (tafla 4). Auk laxaseiðanna veiddist eitt fjögurra ára bleikjuseiði (tafla 2, mynd 9).

### Hólkotskvísl

Á rafveiðistað 2 í Hólkotskvísl (mynd 1) veiddust aðallega eins árs sleppiseiði fyrir utan eitt fjögurra ára seiði (tafla 1, mynd 4). Sleppiseiðin voru 7 – 11 cm löng og var

nokkuð um að uggar og tálknalok væru eydd. Hvorki veiddust urriða- né bleikjuseiði í Hólkotskvísl (töflur 2 og 3).

Rétt ofan ármóta við Vaglakvísl er staður 5, þar veiddist einnig nokkuð af eins árs sleppiseiðum með eydda ugga. Á þessari stöð var þó mun meira um náttúruleg laxaseiði, þrír árgangar fundust, eins-, tveggja- og fjögurra ára gömul. Var þéttleiki ársgömlu seiðanna mestur en aðeins fannst vottur af hinum árgöngunum (tafla 1, mynd 4). Sumarið 2000 veiddust tveggja ára náttúruleg seiði á þessari stöð og eru það einu náttúrulegu seiðin sem vitað er að hafi fundist í ánni (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST-N/0206). Fjögurra ára seiðið sem veiddist 2002 tilheyrir afgangur þeim árgangi en auk þess virðast hafa numið þarna land tveir aðrir náttúrulegir árgangar.

### *Vaglakvísl*

Rétt ofan ármóta við Hólkotskvísl er staður 3 í Vaglakvísl (mynd 1) og var rafveitt þar. Aðeins veiddist eitt seiði á þessari stöð, þriggja ára laxaseiði (tafla 1, mynd 5). Sumarið 2000 veiddust í fyrsta sinn náttúruleg laxaseiði í Vaglakvísl sem komist höfðu þangað af eigin rammleik. Þetta seiði er af öðrum þeim árgangi sem þá veiddist í kvíslinni og veiddust einnig seiði af þessum árgangi þarna sumarið 2001 (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST-N/0206).

### *Tunguá*

Fyrir neðan brú (staður 2, mynd 1) veiddust þrír árgangar laxaseiða, eins, tveggja og þriggja ára seiði. Þéttleiki seiðanna var í heild nokkuð meiri en árið áður og var mest af tveggja ára seiðum (tafla 1, mynd 6). Einig veiddist á þessum stað vottur af eins og tveggja ára bleikjuseiðum (tafla 2, mynd 10) ásamt tveimur vorgömlum urriðaseiðum (tafla 3, mynd 13).

### *Kornsá*

Rafveitt var ofan brúar í Kornsá (staður 4, mynd 1) og fundust þrír árgangar laxaseiða, vorgömul, eins og tveggja ára en þéttleiki þeirra var frekar lítill (tafla 1, mynd 7). Vorgömul og eins árs bleikjuseiði veiddust einnig á þessum stað (tafla 2, mynd 11) og nokkuð af vorgömlum urriðaseiðum (tafla 3, mynd 14).

## Umræða

Sterkir árgangar eins, tveggja, og þriggja ára laxaseiða eru í efri hluta Vatnsdalsár. Mikið er einnig af náttúrulegum laxaseiðum í hliðaránum Kornsá, Hólkotskvísl og Tunguá. Er þetta í samræmi við niðurstöður rafveiða á þessum árköflum síðustu árin og mikil umskipti frá því sem var á árunum 1997-1998 og meira af seiðum en yfirleitt hefur mælst frá því farið var að fylgjast með seiðastofnum í Vatnsdalsá (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST/N0206; Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, VMST/N0012). Fjöldi laxaseiða sem hefur gengið til sjávar úr efri hluta Vatnsdalsár og hliðaránum Tunguá, Hólkotskvísl og Kornsá hefur þó verið heldur minni vorið 2002 en árið áður. Búast má við því að fjöldi sjógönguseiða af þessum árvæðum muni aukast aftur vorið 2003.

Ein mestu umskipti sem hafa orðið á seiðabúskap á vatnasvæði Vatnsdalsár eru í Álku. Ófiskgengu svæðin skila af sér sleppiseiðum á svipuðum tíma og undanfarin ár. Fiskgengu svæðin í Álku og sérstaklega neðri hluti hennar eru farin að skila af sér mun meira af gönguseiðum en áður hefur sést í Álku. Mikill þéttleiki náttúrulegra laxaseiða af öllum árgögum hefur verið í Álku síðustu árin. Fyrsti stóri árgangurinn sem hún skilaði af sér var árgangur úr hrygningu haustið 1997, fyrsta árinu sem veiða sleppa veiðifyrirkomulagið var viðhaft í Vatnsdalsá. Þau seiði gengu til sjávar vorið 2001 og 2002. Næstu árgangar á eftir eru einnig mjög sterkir og þannig eru nú í ánni stórir árgangar vorgamalla, eins árs og tveggja ára laxaseiða, auk nokkurs af þriggja ára seiðum. Búast má við því að það sem eftir er af árgangi þriggja ára seiða gangi til sjávar ásamt hluta tveggja ára seiðanna vorið 2003.

Það svæði í Vatnsdalsá sem hefur ekki ennþá sýnt verulegan viðsnúning í seiðabúskap frá lægðinni árin 1997-1998 er neðri hluti árinnar og þá sérstaklega svæðið fyrir neðan Flóðið. Skriðuvaðið hefur í gegnum tíðina verið eitt besta uppeldissvæði laxaseiða á Vatnasvæðinu. Þéttleiki laxaseiða og árgangastyrkleiki þar er lítill samanborið við það sem var fyrr á árum (Bjarni Jónsson og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, VMST/N0012). Á þessu kunna að vera ýmsar skýringar. Vatnshiti í Flóðinu hefur orðið mjög hár síðustu sumur og gætir áhrifa þess mest á Skriðuvaðinu. Hár vatnshiti getur valdið seiðadauða eða haft neikvæð áhrif á afkomu laxaseiða. Einnig hefur Vatnaflóki búið um sig á þessu svæði en hann leggst eins og teppi yfir búsvæði

seiðanna og takmarkar þannig búsvæði þeirra og vatnadýra sem seiðin lifa á. Í öðrum ám á svæðinu þar sem vatnaflóki hefur náð sér vel á strik hefur seiðapéttleiki dottið niður en farið upp aftur þegar hann hefur hopað. Dæmi um það má sjá á vatnasvæði Miðfjarðarár og í Laxá á Ásum. Yfirleitt nær vatnaflókinn sér vel upp í eitt til tvö ár en hverfur svo að mestu. Undantekningar eru svæði þar sem skilyrði fyrir hann eru einstaklega góð eins og sumstaðar í Laxá á Ásum og svo á Skriðuvaðinu. Fleira getur komið til sem skýrir hví seiðapéttleiki hefur ekki náðst upp í neðri hluta árinnar. Það er full ástæða til að gera sérstaka úttekt á umhverfisskilyrðum í Flóðinu og á svæðinu neðan þess til að átta sig betur á því hví seiðabúskapur á þessu svæði hefur ekki batnað eins mikið og annarsstaðar í vatnakerfinu. Sírita hitamælingar eru eitt að því sem þarf að framkvæma þannig að yfirlit fáist yfir hitasveiflur og þýðingu þeirra.

Reiknaður hefur verið ástandsstuðull sem er mælikvarði á holdafar fyrir laxaseiði í Vatnsdalsá. Samkvæmt honum reyndist holdafar laxaseiða í efri hluta Vatnsdalsár um og yfir meðallagi þess sem almennt gerist hjá laxaseiðum. Eftir því sem neðar kemur í ána hækkar þessi holdastuðull sem þýðir að laxaseiðin í neðri hluta árinnar voru í bestum holdum. Holdafar laxaseiða í hliðaránum var í meðallagi en Álka sker sig úr hvað holdstuðull varðar. Holdstuðull laxaseiða í Álku var mun hærri en seiða annarsstaðar í árkerfinu. Það er athyglivert hve holdstuðull laxaseiða er hár í Álku í ljósi þess mikla þéttleika laxaseiða sem þar er. Fjöldi laxaseiðanna virðist ekki koma niður á vexti þeirra og holdafari.

Á heildina litið má búast við svipuðum eða ívið meiri fjölda sjögönguseiða af vatnasvæði Vatnsdalsár vorið 2003 og 2002. Fyrstu laxarnir úr hrygningu í Vatnsdalsá eftir að veiða sleppa veiðifyrirkomulagið var tekið upp 1997 komu inn í veiðina 2002 sem smálaxar. Sumarið 2003 verður því fyrsta árið sem von er á bæði smálaxi og stórlaxi úr árgöngum sem hafa orðið til eftir að breytt veiðifyrirkomulag kom til. Því var spáð fyrir ári að veiði myndi aukast í Vatnsdalsá sumarið 2002 og þá sérstaklega þegar liði á sumarið og smálaxinn tæki að skila sér (Bjarni Jónsson og Eik Elfarsdóttir, VMST/N0206 bls. 6). Þetta gekk eftir og flest bendir til þess að sumarið 2003 verði ekki síðra.

## **English Summary**

The yearly research on salmon populations in River Vatnsdalsá revealed healthy status and strong year classes of juvenile salmon in the river. The results verify the good recovery of the salmon in River Vatnsdalsá after the decline in juvenile populations observed in 1997-1998. The timing of enhanced juvenile populations coincides with the new fishing regulations taking place in the river in 1997.

In general, it is expected that the number of smolts migrating to the sea from River Vatnsdalsá in spring 2003 will be similar or somewhat greater than in 2002. The first salmon to return to Vatnsdalsá from year classes created after catch and release fishing regulations were adopted in the river in the year 1997 were caught in the summer 2002. These were grilse (one sea winter salmon) that migrated to the ocean in spring 2001 and returned back to the river in midsummer 2002. The remainder of that year class went out as smolts last summer. The summer 2003 will be the first summer where both grilse and multisea winter salmon are expected to be in the catch in River Vatnsdalsá.

It was predicted in 2001 that the number of caught salmon in River Vatnsdalsá would greatly increase in late summer 2002. These predictions became evident in the best salmon catch in the river for many years. The forecast for salmon runs in the summer 2003 is good and it can be expected that the salmon catch will be similar or even better than last year.

**Tafla 1:** Þéttleiki veiddra laxaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám í sumarið 2002.

Staður nr.	Stærð svæðis (m)	Aldur						
		0+	1+	1+ss	2+	2+ss	3+	4+
Vatnsdalsá-staður 1	25x15		0,27				1,07	0,27
Vatnsdalsá-staður 2	22x20		5,45		1,14		2,50	
Vatnsdalsá-staður 3	30x12	0,83	6,94		6,11		2,50	
Vatnsdalsá-staður 5	38x10		0,79		2,63			
Vatnsdalsá-staður 7	35x10		0,29		0,57			
Vatnsdalsá-staður 8	35x12							
Vatnsdalsá-staður 9	35x15	1,14	2,10		1,90		0,57	
Álka-staður 1	12x35					0,24		
Álka-staður 2	30x12				1,11		0,56	
Álka-staður 3	28x8	0,89	4,91		11,61		3,57	
Hólkotskvísl-staður 2	25x8			10,00				0,50
Hólkotskvísl-staður 5	30x5		3,33	7,33	0,67			0,67
Vaglakvísl-staður 3	35x4						0,71	
Tunguá-staður 2	26x9		3,85		6,41		2,14	
Kornsá-staður 4	30x8	0,83	1,67		0,83			
Giljá-staður 3	22x13	13,99	2,45		1,05		0,35	
Giljá-staður 4	30x7	0,48	0,48		2,38			
Giljá - við grjótgarð	34x2				1,47		8,82	

**Tafla 2:** Þéttleiki veiddra bleikjuseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám í sumarið 2002.

Staður nr.	Stærð svæðis (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Vatnsdalsá-staður 1	25x15	0,53		2,13	
Vatnsdalsá-staður 2	22x20				
Vatnsdalsá-staður 3	30x12	0,56	0,83		
Vatnsdalsá-staður 5	38x10	14,21	1,32		
Vatnsdalsá-staður 7	35x10	9,43	0,29		
Vatnsdalsá-staður 8	35x12	7,14			
Vatnsdalsá-staður 9	35x15				
Álka-staður 1	12x35				
Álka-staður 2	30x12				
Álka-staður 3	28x8				0,45
Hólkotskvísl-staður 2	25x8				
Hólkotskvísl-staður 5	30x5				
Vaglakvísl-staður 3	35x4				
Tunguá-staður 2	26x9		0,43	0,43	
Kornsá-staður 4	30x8	1,67	1,25		
Giljá-staður 3	22x13				0,35
Giljá-staður 4	30x7				
Giljá - við grjótgarð	34x2				

**Tafla 3:** Þéttleiki veiddra urriðaseiða eftir aldri og uppruna á hverja 100m<sup>2</sup> á rafveiðistöðum í Vatnsdalsá og hliðarám í sumarið 2002.

Staður nr.	Stærð svæðis (m)	Aldur			
		0+	1+	2+	3+
Vatnsdalsá-staður 1	25x15				
Vatnsdalsá-staður 2	22x20				
Vatnsdalsá-staður 3	30x12	1,39	0,28	0,28	
Vatnsdalsá-staður 5	38x10	1,84			
Vatnsdalsá-staður 7	35x10	0,57			
Vatnsdalsá-staður 8	35x12	3,10			
Vatnsdalsá-staður 9	35x15		0,76		0,19
Álka-staður 1	12x35				
Álka-staður 2	30x12				
Álka-staður 3	28x8				
Hólkotskvísl-staður 2	25x8				
Hólkotskvísl-staður 5	30x5				
Vaglakvísl-staður 3	35x4				
Tunguá-staður 2	26x9	0,85			
Kornsá-staður 4	30x8	4,17			
Giljá-staður 3	22x13	19,58			
Giljá-staður 4	30x7	12,86	0,95		
Giljá - við grjótgarð	34x2	10,29	13,24		

Tafla 4: Meðalástandssituðull og staðalfrávik ástandsstuðulins fyrir laxaseiði sem veiddust í Vatnssdalssjó og hlíðarárhennar í ágúst 2002 eftir aldri seiðanna og ráfveidistöðum.


Staður nr.	Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik	Fjöldi seða	1+				2+				3+				4+				5+				
				Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik	Fjöldi seða	Meðal-ástands-stuðull	Staðal-frávik																
Vatnssalsá-st. 1				1,03		1				1,15		0,91	4			1,26			1			1,14		1
Vatnssalsá-st. 2				1,07	0,05	24	1,11	0,05	5	1,16	0,08	11												
Vatnssalsá-st. 3	1,02	0,07	3	1,02	0,06	25	1,04	0,08	22	1,12	0,12	9												
Vatnssalsá-st. 5				1,04	0,11	3	1,02	0,06	10															
Vatnssalsá-st. 7				0,93		1	0,99	0,01	2															
Vatnssalsá-st. 8				1,13	0,09	11	1,18	0,07	10	1,10	0,06	3												
Vatnssalsá-st. 9	1,11	0,04	6	1,13	0,09	11	1,12*	0,07	1*	1,12*	0,05	4	1,20	0,03	2									
Álka-staður 1																								
Álka-staður 2																								
Álka-staður 3	1,20	0,36	2	1,20	0,52	11	1,14	0,14	26	1,14	0,06	8												
Hólkoskvist-st. 2																								
Hólkoskvist-st. 5																								
Vaglikvist-st. 3																								
Tungná-staður 2																								
Kornsá-staður 4	0,98	0,14	2	0,97	0,02	4	1,07	0,07	2	1,15	0,12	15	1,11	0,14	5									
Allar stuðvar	1,08	0,14	13	1,07	0,19	94	1,11	0,12	97	1,14	0,09	42	1,23	0,08	3	1,14	1	1	1,05	0,08	31			

\*2+ seiði á stöð 1 í Álku var sleppiseiði.


**Tafla 5:** Vísitala lífþyngdar (gr) laxaseiða á hverjum 100m<sup>2</sup> eftir aldri og rafveiðistöðvum.  
Lífþyngd er reiknuð út frá meðalþyngd hvers árgangs og þéttleikamati.

Staður nr.	Vísitala lífþyngdar (gr/100m <sup>2</sup> )							
	0+	1+	2+	3+	4+	5+	1+ss	Samtals
Vatnsdalsá-st. 1	0	1,3	0	24,1	12,5	36,0		73,8
Vatnsdalsá-st. 2	0	24,0	10,2	41,6	0	0		75,8
Vatnsdalsá-st. 3	0,6	31,1	50,0	40,3	0	0		121,9
Vatnsdalsá-st. 5	0	4,4	20,8	0	0	0		25,1
Vatnsdalsá-st. 7	0	1,3	4,1	0	0	0		5,4
Vatnsdalsá-st. 8	0	0	0	0	0	0		0,0
Vatnsdalsá-st. 9	1,2	9,7	21,4	8,6	0	0		41,0
Álka-staður 1	0	0	7,3*	0	0	0		7,3
Álka-staður 2	0	0	10,7	12,7	0	0		23,4
Álka-staður 3	0,8	37,1	139,5	76,7	0	0		254,0
Hólkotskvísl-st. 2	0	0	0	0	15,0	0	93,3	108,3
Hólkotskvísl-st. 5	0	11,7	7,8	0	26,3	0	45,2	91,0
Vaglakvísl-st. 3	0	0	0	0	0	0		0,0
Tunguá-staður 2	0	12,4	61,6	32,5	0	0		106,6
Kornsá-staður 4	0,8	5,5	9,7	0	0	0		16,0


\*2+ seiðið á stöð 1 í Álku var sleppiseiði.




Mynd 1 Rafveiðistaðir í Vatnsdalsá og hliðarám hennar.




**Mynd 2a:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vatnssdalsá í ágúst 2002.




Mynd 2b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vatnsdalsá í ágúst 2002.




Mynd 3: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Álku í ágúst 2002.




Mynd 4: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Hólkotskvísl í ágúst 2002.




Mynd 5: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Vaglakvísl í ágúst 2002.




Mynd 6: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Tungá í ágúst 2002.




Mynd 7: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Kornsá í ágúst 2002.




Mynd 8: Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Vatnssdalsá í ágúst 2002.




**Mynd 9:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Álku í ágúst 2002.




**Mynd 10:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Tungá í ágúst 2002.




**Mynd 11:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Kornsá í ágúst 2002.



**Mynd 12:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Vatnsdalsá í ágúst 2002.



Mynd 13: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Tungá í ágúst 2002.



Mynd 14: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Kornsá í ágúst 2002.

## **Myndir, viðauki: Fimm af helstu rafveiðistöðunum á vatnasvæði Vatnsdalsár**



Álka fyrir neðan brú (rafveiðistaður 3)



Tunguá (rafveiðistaður 2)



Vatnsdalsá við Forsæludal (rafveiðistaður 3)



Vatnsdalsá ofan ármóta við Álku (rafveiðistaður 5)



Skriðuvað, Vatnsdalsá (rafveiðistaður 9)